

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð Snorra kaupmanns Jónssonar«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 11. júlí 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

# Skipulagsskrá

fyrir Styrktarsjóð Snorra kaupmanns Jónssonar.

## 1. gr.

Sjóður þessi, sem stofnaður er með 2000 kr. gjöf Snorra kaupm. Jónssonar á Oddeyri, skal heita »Styrktarsjóður Snorra kaupmanns Jónssonar«.

## 2. gr.

Upp í höfuðstól sjóðsins var núverandi stjórn sjóðsins afhent jörðin Vjemundarstaðir í Ólafsfirði, með brjefi dagsettu 1. maí 1912, þá virt til peninga á 1850,00 krónur og hefir afgjald jarðarinnar fyrstu árin á eftir og vextir af söliverði hennar síðan verið lagt við hann. 19. mars 1918 voru stjórninni greiddar þær 150,00 krónur, sem samkvæmt virðingu á Vjemundarstöðum vantaði á höfuðstólinn. Ennfremur hefir bæst við höfuðstólinn, auk áðurtalds afgjalds og vaxta, mismunur á söliverði Vjemundarstaða 19. janúar 1916 og áðurnefndrar virðingar, en sá mismunur er 1150,00 kr. Er þá höfuðstóllinn nú 3908,68 krónur.

## 3. gr.

Leggja skal alla vexti sjóðsins, svo og gjafir og aðrar tekjur, er honum kunna að hlotnast, við höfuðstólinn, uns vextirnir nema 200 krónum árlega. Úr því skal  $\frac{3}{4}$  hluta vaxtanna varið árlega til styrktar einum eða fleirum efnilegum iðnnemum úr Svarfaðardalshreppi; skal að jafnaði veita ekki nema einum styrk árlega, uns vextirnir hafa náð 400 kr.; þegar vextirnir eru orðnir 1000 kr. árlega eða meira, skal verja  $\frac{9}{10}$  þeirra til styrkveitinga, en bæta úr því aðeins  $\frac{1}{10}$  við höfuðstólinn. Verði eitthvert ár enginn styrkur veittur af því að enginn sækir um hann, er maklegur þyki, skal leggja alla vexti þess árs við höfuðstólinn, en verja má þó jafnmikilli upphæð og helmingi þeirra nemur, til styrkveitinga næsta ár, umfram þann hluta af vöxtum þess árs, sem ætlaður er til styrkveitinga.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi 3 menn, er allir skulu búsettir í Svarfaðardalshreppi. Stofnandi sjóðsins tilnefndi stjórn þá til bráðabirgða, er nú hefir á hendi stjórn sjóðsins, en eftir að skipulagsskrá þessi hefir fengið staðfestingu stjórnarráðsins, skal stjórnin þannig kosin, að sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu kýs einn, hreppsnefndin í Svarfaðardalshreppi einn og kjósendur í Svarfaðardalshreppi hinn þriðja á almennum hreppsfundi. Sá er hreppsnefndin kýs má vera úr hennar flokki, en hvorugur hinna má vera úr hreppsfefnd.

Stjórn sjóðsins sjer um að ávaxta sjóðinn sem best og mest og hefir á hendi reikninga hans. Reikningsárið er almanaksárið. Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu skal árlega kjósa 1

**150** eða 2 menn í Svarfaðardalshreppi til þess að endurskoða reikninga sjóðsins og skulu reikning-  
11. júlí arnir með fylgiskjölum, athugasemdum ef nokkrar eru og svörum jafnan sendast sýslunefnd til úrskurðar á sýslufundi og síðan birtir í sýslufundargerðinni.

5. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum sendast stjórninni skriflegar fyrir þann tíma á hverju ári, er hún til tekur. Styrkbeiðninni skulu fylgja meðmæli og vottorð um reglusemi, góða hæfileika og ástundun frá iðnmeistara þeim, sem nemandi vinnur hjá, ef hann er utan sveitar; svo skal og í umsókninni gerð grein fyrir því til hverskonar iðnnáms eigi að nota styrkinn og á hvaða stað utanlands eða innan.

Veltir síðan stjórnin styrkinn samkvæmt áður skráðum reglum þeim umsækjendum, er hún telur hæfasta; skulu að öðru jöfnu þeir sitja fyrir, sem lengst eru komnir áleiðis með námið, en vegna fjárskorts eiga erfitt með að ljúka því eða afla sjer frekari fullkomunar í iðn sinni, eftir að hafa tekið sveinspróf.

Verði ágreiningur í stjórninni um styrkveitinguna, ræður meiri hluti.

Akureyri 1. október 1918.

*Rögnvaldur Snorrason.*                      *Gunnur Snorrason.*  
(Erfingjar Snorra Jónssonar.)

**151** Bæjarstjórnin í Vestmannaeyjakaupstað hefir samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894,  
11. júlí sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, gjört og hjeraðsfundur fallist á eftirfarandi

## Samþykkt

**um viðauka við og breytingar á samþykkt um ýms atriði er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum frá 16. júlí 1895.**

Lunda má veiða með háf á Heimalandinu frá því 11 vikur af sumri þar til 16 vikur eru af sumri.

Þar sem nú er leyfð lundaveiði má veiða á sama tíma í sumar.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 17. júlí 1919.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*